

Nefndarsvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík


Reykjavík, 3. janúar 2003.

Mál nr. 338.

Umsögn um frumvarp til laga um meðhöndlun úrgangs.

Meðfylgjandi er umsögn SORPU um frumvarp til laga um meðhöndlun úrgangs.

Virðingarfyllst,



Ögmundur Einarsson
framkvæmdastjóri

UMSÖGN

Frumvarp til laga um meðhöndlun úrgangs.

Frumvarp þetta hefur áður komið til umfjöllunar innan stjórnar SORPU og var umhverfisnefnd Alþingis send umsögn stjórnarinnar. Stjórnin fagnar því að nokkrar athugasemdir hafa ratað í lagatextann. Stjórnin vill þó áréttta þau önnur atriði sem ekki hafa ratað inn í lagatextann sérstaklega athugasemdir við 1. gr, 13. gr, 16. gr. og 17 gr. Rétt er að áréttta að nauðsynlegt er að þær reglugerðir sem ætlunin er að setja í kjölfar þessara laga séu tilbúna þegar löggin verða samþykkt þannig að hægt sé að gera sér grein fyrir heildaráhrifum lagasetningarinnar. Nýjar athugasemdir eru sem hér segir.

2. gr.

Gildissvið.

Í textanum segir nú „**Lög þessi gilda um meðhöndlun og aðra meðferð úrgangs**“. Meðhöndlun úrgangs er skilgreind í lögnum en ekki er ljóst hvað átt er við með „**og aðra meðferð úrgangs**“. Í athugasemdum með frumvarpinu segir að í 10. gr sé fjallað um aðra meðferð úrgangs (en meðhöndlun). Af 10. gr verður ekki séð hvað átt er við með „annari meðferð úrgangs“. Þetta þarf því að skilgreina.

10 gr.

Meðhöndlun úrgangs

Í fyrstu málsgrein segir m.a. „**Allur úrgangur skal fá viðeigandi meðferð áður en til förgunar kemur samkvæmt nánari reglum þar um**“. „Meðferð“ er ekki skilgreind í lögnum og því ekki ljóst hvað átt er við. Ekki er heldur fjallað um það í lögnum hvað telst „viðeigandi meðferð“.

Í annari málsgrein segir „**Óheimilt er að geyma tæki sem teljast úrgangur, svo sem skip, báta, ökutæki, vinnuvélar og tengivagna, á opinberum bifreiðastæðum, við götur, í fjöru eða annars staðar á almannafæri**“. Þessi grein er mjög óskýr. Hvað er átt við með „tæki sem teljast úrgangur“?. Hvenær telst skip úrgangur eða önnur tæki? Má skilja greinina svo að eigandi strandaðs báts eða skips geti sagt að tækið sé ónýtt og sé því á ábyrgð sveitarfélagsins? Hér þarf nánari skýringar.